

## Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

### Sameiginlega EES-nefndin

#### ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 4/96  
frá 29. febrúar 1996

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn  
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/95 frá 27. janúar 1995<sup>(1)</sup>.

Aðlögunarliðirnir við reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 823/87 frá 16. mars 1987 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum, (EBE) nr. 2392/89 frá 24. júlí 1989 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgulegi og (EBE) nr. 2333/92 frá 13. júlí 1992 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum, þ.e. 3., 6. og 9. liður í VII. bálki B-hluta V. kafla í I. viðauka við lögin um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á<sup>(2)</sup> skulu felldir inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2733/94 frá 9. nóvember 1994 um að heimila Breska konungsríkinu að leyfa aukinn alkóhólstyrkleika í borðvíni og gæðavíni sem eru framleidd í tilgreindum héruðum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21 eins og þau voru aðlöguð með Stjttíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 289, 10. 11. 1994, bls. 5.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 60/95 frá 16. janúar 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngræiningu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 frá 13. mars 1995 þar sem settar eru nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínnum og loftblönduðum freyðivínnum<sup>(5)</sup>, skal felld inn í samninginn.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

1. viðbæti við bókun 47 við samninginn er breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa ákvörðun.

##### 2. gr.

Fullgiltur texti aðlögunarliða við reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 823/87, nr. 2392/89 og nr. 2333/92, þ.e. 3., 6. og 9. liður í VII. bálki B-hluta V. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem liggja til grundvallar Evrópusambandinu og fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2733/94, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 60/95 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

##### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

---

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 11, 17. 1. 1995, bls. 19.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 56, 14. 3. 1995, bls. 3.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

P. Benavides

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

M. Sucker

Viðauki  
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96

1. viðbæti við bókun 47, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, við EES-samninginn er breytt eins og tilgreint er hér á eftir.

1. Texti 14. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar) (EBE) nr. 2707/86) falli niður.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87):

„- 194 H: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89):

„- 194 H: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1).“

4. Texti 23. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3677/89) falli niður.

5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 25. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90):

„- 395 R 0060: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 60/95 frá 16. janúar 1995 (Stjtið. EB nr. L 11, 17. 1. 1995, bls. 19).“

6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2333/92):

„- eins og henni var breytt með:

„- 194 H: Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1).“

7. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 42a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3111/93):

„42b. 394 R 2733: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2733/94 frá 9. nóvember 1994 um að heimila Breska konungsríkinu að leyfa aukinn alkóhólstyrkleika í borðvíni og gæðavíni sem eru framleidd í tilgreindum héruðum (Stjtið. EB nr. L 289, 10. 11. 1994, bls. 5).

42c. 395 R 0554: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/95 frá 13. mars 1995 þar sem settar eru nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínum og loftblönduðum freyðivínum (Stjtið. EB nr. L 56, 14. 3. 1995, bls. 3).“

8. Eftirfarandi bætist við í 45. lið (skrá yfir borðvín):

„eins og honum var breytt með:

- skrá sem birt var í Stjtið. EB nr. C 203, 27. 7. 1993, bls. 4.“

-----